

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 72 (19.12.2022) - Kaupvangur 6, notkunarbreyting á skrifstofum

Málsnúmer : 202205386
Málsaðili : Múlaþing
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 19.12.2022

Inngangur : Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála kvað þ. 25. nóvember sl. upp úrskurð í máli nr. 65/2022 er varðaði kæru á ákvörðun byggingarfulltrúa Múlaþings að synja beiðni um að beitingu þvingunarúrræða vegna íbúðar í húsinu að Kaupvangi 6. Þessi úrskurður er skýr. Í gildandi aðalskipulagi er ekki fjallað um íbúðir á miðsvæði Egilsstaða. Því er hin umdeilda íbúð ekki í samræmi við skipulagsáætlun svæðisins. Þótt í deiliskipulagi sé gert ráð fyrir íbúðum á svæðinu þá er það ekki nægilegt, þar sem deiliskipulagið verður að vera í samræmi við aðalskipulag. Í miðbæjarskipulaginu er gert ráð fyrir fjölda íbúða á svæðinu sem er samkvæmt þessum úrskurði ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að gerð verði breyting á aðalskipulagi Fljótshálsbæjar sem geri ráð fyrir íbúðum á miðsvæði þéttbýlisins og þeirri uppbyggingu sem gert er ráð fyrir í miðbæjarskipulaginu.

Niðurstaða : Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála kvað þann 25. nóvember sl. upp úrskurð í máli nr. 65/2022 er varðaði kæru á ákvörðun byggingarfulltrúa Múlaþings að synja beiðni um að beitingu þvingunarúrræða vegna íbúðar í húsinu að Kaupvangi 6. Í gildandi aðalskipulagi er ekki fjallað um íbúðir á miðsvæði Egilsstaða. Því er hin umdeilda íbúð ekki í samræmi við skipulagsáætlun svæðisins. Þótt í deiliskipulagi sé gert ráð fyrir íbúðum á svæðinu þá er það ekki nægilegt, þar sem deiliskipulagið verður að vera í samræmi við aðalskipulag. Í miðbæjarskipulaginu er gert ráð fyrir fjölda íbúða á svæðinu sem er samkvæmt þessum úrskurði ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag. Skipulagsfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Fljótshálsbæjar 2008-2028 sem geri ráð fyrir íbúðum á miðsvæði þéttbýlisins og þeirri uppbyggingu sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi miðbæjar Egilsstaða.

Samþykkt samhljóða.